

Til sveitarstjórnar Strandabyggðar,
Hafnarbraut 25
510 Hólmavík

Hólmavík, 9. janúar 2025

Efni: Ákvörðun sveitarfélagsins um gjaldtöku fyrir baðföt og handklæði í íþróttakennslu á skólatíma.

Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hólmavíkur vill með þessu bréfi koma á framfæri óánægju sinni vegna ákvörðunar sveitarfélagsins um að innheimta gjöld þegar grunnskólabörn gleyma baðfötum og handklæðum sem þau nota í tengslum við íþrótt- og sundkennslu. Efni tölvupósts frá sveitarstjóra, dagsett 21.09.2024, var tekið fyrir og rætt á aðalfundi foreldrafélagsins. Þar lýstu félagsmenn óánægju sinni vegna þessarar ákvörðunar. Við viljum benda á að þetta fyrirkomulag getur leitt til ójafnaðar meðal barnafjölskyldna.

Fjölskyldur með lítið fjárhagslegt svigrúm geta orðið fyrir auknu álagi vegna þessa, sem gæti stuðlað að mismunun. Það samræmist ekki þeirri stefnu að tryggja öllum börnum jafnan aðgang að menntun og skólaskyldu. Hér er ekki verið að ræða um frjálssar sundferðir barnafjölskyldna og iðkun íþróttar í sal þar sem sjálfsagt er að greiða fyrir leigu á búnaði.

Við teljum að gjaldtakan skapi óþarfa fjárhagslega byrði fyrir foreldra og forráðamenn. Að gleyma hlutum einstaka sinnum er óhjákvæmilegt og eðlileg mistök þegar börn eru að læra að bera ábyrgð á námsgögnum sínum. Að leggja gjöld á foreldra vegna slíkra mistaka getur haft neikvæð áhrif og valdið streitu og kvíða bæði fyrir börn og foreldra.

Við biðjum sveitarstjórn um að endurskoða þessa ákvörðun og íhuga aðrar leiðir til að leysa þetta mál. Það myndi stuðla að jákvæðu umhverfi þar sem fjölskyldur upplifa stuðning fremur en refsingu.

Stjórn foreldrafélagsins óskar eftir því að erindið verði tekið fyrir á sveitarstjórnarfundi.

Stjórn foreldrafélags Leik- og grunnskóla Hólmavíkur